Nr. 926 6. október 2011

# GJALDSKRÁ

**Sjúkratrygginga Íslands fyrir tæknifrjóvgun sem ekki hefur verið samið um.**

1. gr.

Sjúkratryggingar Íslands endurgreiða kostnað vegna tæknifrjóvgunar samkvæmt gjaldskrá þessari, sbr. reglugerð nr. 917/2011 um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tæknifrjóvganir sem veittar eru án samnings við Sjúkratryggingar Íslands, sbr. IV. kafla laga nr. 112/2008 um sjúkratryggingar.

2. gr.

Ef verð þjónustu er lægra en skv. gjaldskrá þessari skal endurgreiðslan miðuð við verð þjónustunnar.

3. gr.

Endurgreiðsla Sjúkratrygginga Íslands reiknast út frá eftirfarandi gjaldskrá (heildarverð):

**Fyrir par sem ekki á barn saman / einhleypa konu sem á ekki barn:**

| *Gjaldskrárnr.* | *Heiti læknisverks* | *Krónur* |
|---|---|---|
| | **Glasafrjóvgun (IVF), fyrsta meðferð** | |
| 57-060-01 | fyrri hluti | 62.872 |
| 57-060-02 | seinni hluti | 251.488 |
| | **Glasafrjóvgun (IVF), önnur til fjórða meðferð** | |
| 57-060-03 | fyrri hluti | 62.872 |
| 57-060-04 | seinni hluti | 251.488 |
| | **Smásjárfrjóvgun (ICSI), fyrsta meðferð** | |
| 57-061-01 | fyrri hluti | 75.338 |
| 57-061-02 | seinni hluti | 301.352 |
| | **Smásjárfrjóvgun (ICSI), önnur til fjórða meðferð** | |
| 57-061-03 | fyrri hluti | 75.338 |
| 57-061-04 | seinni hluti | 301.352 |

**Fyrir par sem á eitt barn saman / einhleypa konu sem á eitt barn:**

| *Gjaldskrárnr.* | *Heiti læknisverks* | *Krónur* |
|---|---|---|
| | **Glasafrjóvgun (IVF), fyrsta meðferð** | |
| 57-060-05 | fyrri hluti | 62.872 |
| 57-060-06 | seinni hluti | 251.488 |
| | **Glasafrjóvgun (IVF), önnur til fjórða meðferð** | |
| 57-060-07 | fyrri hluti | 62.872 |
| 57-060-08 | seinni hluti | 251.488 |
| | **Smásjárfrjóvgun (ICSI), fyrsta meðferð** | |
| 57-061-05 | fyrri hluti | 75.338 |
| 57-061-06 | seinni hluti | 301.352 |
| | **Smásjárfrjóvgun (ICSI), önnur til fjórða meðferð** | |
| 57-061-07 | fyrri hluti | 75.338 |
| 57-061-08 | seinni hluti | 301.352 |

Ef ekki er unnt að ljúka meðferð, sem hafin er, skal miðað við að 20% meðferðarinnar (þ.e. fyrri hluta), sbr. ofangreinda gjaldskrá, sé lokið.

Innifalið í meðferð skv. ofangreindum gjaldskrárliðum teljast eftir því sem við á skoðanir og viðtöl sérfræðinga, mælingar á β-HCG og nauðsynleg lyf vegna meðferðarinnar, þó ekki örvunarlyf eggjastokka.

4. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með stoð í 1. mgr. 38. gr. laga nr. 112/2008, um sjúkratryggingar, og reglugerð nr. 917/2011, um þátttöku sjúkratrygginga í kostnaði við tæknifrjóvganir sem veittar eru án samnings við Sjúkratryggingar Íslands, öðlast þegar gildi og tekur til þjónustu sem veitt er á tímabilinu 1. október til 31. desember 2011.

*Sjúkratryggingum Íslands, 6. október 2011.*

**Steingrímur Ari Arason.**

*Kristján Guðjónsson.*